

# Hverfisráð Hríseyjar

75. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein fimmtudaginn 23. janúar 2014 klukkan 20. Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson.

## Dagskrá:

1. Aðsend bréf. Trúnaðarmál
2. Bréf frá bæjartæknifræðingi dagsett 15. janúar 2014
3. Sjúkraflutningar og framkvæmd þeirra. Anton greindi frá fundi sem hann sat í Velferðarráðuneytinu 16. janúar 2014.
4. Anton greindi frá því að Dalvíkurbyggð sé að skoða byggingu stiga frá bryggjunni og í skemmur á Sandinum. Það er vilji til verks.
5. Viðræður eru í gangi á milli Dalvíkurhafnar og Vegagerðarinnar um aðstöðuhús á bryggjunni á Sandinum. Horfur eru jákvæðar.
6. Umræður um lækna og hjúkrunarfræði heimsóknir. Ingibjörg ætlar að senda tölvupóst á heilsugæsluna á Dalvík og fá tímasetningar svo hægt sé að auglýsa tímana til almennings.
7. Engin viðbrögð hafa borist frá Eyþingi vegna sameiginlegs erindis Hríseyjar og Grímseyjar um rútusamgöngur.
8. Umræður um sjúkarbíl í Hrísey. Anton ætlar að fylgja málinu eftir.
9. Fundur með bæjarstjóra og fleirum um; nýtingu á Hlein, starf við símsvörun og atvinnumál. Ingimar greindi frá fundi sem hann átti 22. janúar 2014 inni á Bæjarskrifstofu.
10. Hverfisráð ræddi hugmyndina sem kom upp um að hafa gjaldfrjálst í ferjuna í febrúar og mars. Bæjaryfirvöld hafa hafnað frekari niðurgreiðslu á fargjöldum. Ætlum að ræða hugmyndina við rekstaraðila ferjunar og kanna áhuga aðila sem leigja út gistingu í Hrísey.

Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 22:00.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur